

Yfirlýsing um RIFF frá Helgu Stephenson

20.janúar 2014.

Ég hef verið heiðursformaður Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík – RIFF í tíu ár. Stolt hef ég fylgst með hátíðinni vaxa og dafna. Hún hefur aflað sér virðingar sem alþjóðlegur viðburður og notið gríðarlegra vinsælda meðal íslenskra bíógesta. Meira geta kvikmyndahátíðir ekki farið fram á.

Ég hef lengi verið viðriðin kvikmyndahátíðir, er meðal annars einn af stofnendum Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Toronto (TIFF). Af þessu starfi öllu hef ég lært mínar lexíur.

Hin mikilvægasta er sú að það er engin þörf á breytingum þegar vel gengur.

Í Reykjavík er kvikmyndahátíð sem gengur vel. Til hvers að fikta í formúlunni sem liggur þar að baki og skipta um fólkíð sem lætur hátíðina ganga ár eftir ár?

Það er áhugavert að alltaf skulu einhverjir vilja yfirtaka rekstur kvikmyndahátíða sem ganga vel. Ég hef séð þetta gerast aftur og aftur, og alltaf hafa afleiðingarnar verið vondar.

Það virðist létt verk að skipuleggja kvikmyndahátíð og enn auðveldara virðist að stýra dagskrá slíkrar hátíðar – þetta lítur út fyrir að vera ansi skemmtileg og þægileg innivinna.

Staðreyndin eru aftur á móti sú að mjög fáir geta stjórnað kvikmyndahátíð. Vinnan sem liggur að baki hverju sinni er algerlega botnlaus svo ekki sé minnst á hversu flókið er að gera öllum þeim sem hagsmuna eiga að gæta til hæfis, þar á meðal áhorfendum.

Á nýliðnu ári funduðum við hjá RIFF með Bíó Paradís þar sem allir lýstu áhuga á að finna nýjan grundvöll að samstarfi á milli RIFF annars vegar og fagfélaga íslenskra kvikmyndagerðarmanna og bíósins hins vegar. Þetta var góður og árangursríkur fundur sem lofaði góðu um framhaldið.

En nú er framtíð RIFF aftur á móti í óvissu eftir að borgarstjórn Reykjavíkur ákvað að skera niður styrki til hátíðarinnar að ástæðulausu að því er virðist.

Það er einfaldlega ekki skynsamlegt fyrir Ísland að halda úti tveimur alþjóðlegum kvikmyndahátíðum. Á alþjóðlegum vettvangi mun þetta teljast kjánaskapur sem ber vitni um óskipulag. Og það eru varla æskileg skilaboð.

Ég varpa því fram þeirri spurningu að fyrst RIFF er í góðu lagi – og nýtur í raun frábærrar velgengni – af hverju er þá verið að skera niður framlög til hennar?

Helga Stephenson
Heiðursformaður RIFF